

Bréf

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. nóvember 2013
UST20131100030

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum (endurskoðun matsskýrslu)

Vísað er til erindis nefndasviðs Alþingis (Umhverfis- og samgöngunefndar) dags. 5. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar vegna frumvarps til laga, sbr. þingskjal 123 – 120. mál, um breytingu á lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum (endurskoðun matsskýrslu).

Umhverfisstofnun telur umrædda breytingu til bóta, að tímamörkum vegna endurskoðunar Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum verði breytt úr 10 árum í 7 þar sem algengt er að hraðar breytingar verði á sviði umhverfismála og hönnunar mannvirkja og grunnforsendur því oft mjög breyttar frá því að mat á umhverfisáhrifum fór fram.

Umhverfisstofnun telur einnig mikilvægt að frjálsum félagasamtökum verði veittur aðgangur sem umsagnaraðili strax í upphafi matsferilsins (drög að matsáætlun) þannig að þeim verði tryggð aðkoma fyrr til að koma að sínum athugasemdum áður en framkvæmdin er fullhönuð.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir